

1866.

14. maí.

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumidæminu, um laun handa lögregluþjóni á Akureyri.

Með bréfi dagsettu 29. janúarmán. þ. á. hafid þér, herra amtmáður, sent hingað bænar skrá frá Stefáni Thórarensen, bæjarfógeta á Akureyri; biður hann í því um liðsinni amtsins til þess að veittir verði 100 rd. úr jafnadarsjóði norður- og austuramtsins sem tillag til að launa regluþjóni í kaupstaðnum, með því að bæjarstjórnin hefir fallizt á, að borga megi 100 rd. úr bæjarsjóðnum til þessa, ef að jafnmikið fengist úr jafnadarsjóðnum. Hafid þér lagt til með því, að stjórnarráðið gefi leyfi til, að borga megi samkvæmt 2. gr. í opnu bréfi 24. nóvembermán. 1856 úr jafnadarsjóði norður- og austuramtsins fyrst um sinn árlega þá 100 rd., sem sókt er um, þannig að fengið verði álit alþingis um málið, þegar því verður við komið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að með því að dómsmálastjórnin ekki hefir nægar sannanir fyrir því, að rádstöfun sú, sem hér er rædt um að gjöra, sé í svo náuu sambandi við frjálsu verzlunina á Íslandi, að greiða megi kostnað þann, sem af henni leiðir, á þann hátt sem ákveðið er í opnu bréfi 24. nóvembermán. 1856, þá finnst stjórnarráðinu það ekki eiga að fallast á uppástungu yðar í þessu efni.

14. maí.

46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumidæminu, um útvegun bólusetningarbóka.

Í bréfi 12. júlímán. f. á. beiddist stjórnarráðið álits yðar, herra amtmáður, um skjal, sem hingað hafði borizt beina leið, frá Birni Halldórssyni, prófasti í Þingeyjarsýslu og sóknarpresti að Laufási; hefir hann í því spurt um:

- 1) hvort amtmanninum yfir norður- og austuramtinu beri eigi að leggja til og senda bólusetningarbækur til Laufáss